

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2012
Tilv. 1210054/0.1

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu - mál 196.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 29. okt. 2012, þar sem allsherjar- og menntamálanefnd biðja Þjóðskjalasafn um að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar, mál 196.

Því er til að svara að Þjóðskjalasafn fagnar tillögu þessari en gerir þó eftirfarandi athugasemdir og tillögur.

Spyrja má hvort eðlilegt sé að skilgreina hverjar séu menningarstofnanir sem ályktunin tekur til. Þá skal hér bent á að hugtakið stjórnvöld hefur víðtækari merkingu en hér virðist almennt gert ráð fyrir. En í texta ályktunarinnar virðist einkum vera átt við ríkisstjórn (aðallega ráðuneyti menntamála).

Lagt er til að í aðra málsgrein í lið b. í fyrsta hluta (Leiðarljós...) ályktunarinnar verði skotið orðinu þekking á undan vitund og verði þá málsgreinin svohljóðandi: „Rannsóknir og miðlun á menningararfinum efla *þekkingu og vitund* um sögulegt samhengi og styrkja sjálfsmynd landsmanna.“

Lagt er til að annarri málsgrein í lið d. í fyrsta kafla ályktunarinnar verði breytt og hljóði svo: „Stuðningur stjórnvalda *snýr bæði að starfsemi atvinnumanna og annarra sem starfa á sviði lista og annarra sviða menningar* að varðveislu og miðlun menningararfs.“

Markmið í III kafla, 4. liður. Verði: „Samstarf listamanna, *menningarstofnana* og skóla verði aukið og áhersla lögð annars vegar á frekari möguleika barna og ungmenna til að njóta lista og hins vegar á að örva sköpun og gagnrýna hugsun þeirra.“

Markmið í IV kafla, 1. liður 2. málsgrein verði: „Í því skyni verði kynningarmiðstöðvar listgreina og menningarstofnanir, svo sem söfn, efla í því skyni að þær leiti eftir auknu samstarfi við systurstofnanir annars staðar á Norðurlöndunum og víðar.“

Markmið í V kafla, 1. liður: Í stað 1. málsgreinar komi tvær málsgreinar:

„Framlög ríkisins til verkefna á sviði menningarmála verði ákveðin á fjárlögum, til stofnana og með framlögum í sérstaka lögbundna sjóði. Sjóðir lúti faglegum úthlutunarnefndum.“

Liður 6. í sama kafla verði: „Þátttaka í listum og menningu og þjóðhagslegt vægi lista og menningar verði hluti af reglubundinni skráningu hagtalna.“

Bætt verði við málsgrein í VI. kafla, Stafræn menning, aftan við núverandi síðustu málsgrein:

„Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að notaður verði opinn hugbúnaður og opnir alþjóðlegir staðlar með samræmdum hætti til miðlunar og vörslu stafræns efnis sem það fjármagnar.“

Nýrri málsgrein verði bætt aftan við núverandi málsgrein 6. liðar í markmið VI. kafla: Málsgreinin hljóði svo: „Í stafrænni miðlun noti menningarstofnanir og aðrir sem njóta opinberra styrkja til list- og menningarmiðlunar opna alþjóðlega staðla eftir því sem kostur er.“

Flestar þessar breytingar tala sínu máli. En sú viðbót að notaðir verði opnir og alþjóðlegir staðlar við miðlun og vörslu tryggir betur en ella að viðkomandi miðlun standi tímans tönn og samskipti með starfrænt efni eða samskipti milli vefja og gagnagrunna, innanlands sem milli landa, gangi greiðar. Þannig eru meiri líkur á menningargrunnar verði leitarbærir í gengum erlend net (portal).

Virðingarfyllt,

Eiríkur G. Guðmundsson
settur þjóðskjalavörðu